

52. fundur skólanefndar

Menntaskólans að Laugarvatni

haldinn á kennarastofu 16. júní 2006 kl. 10.00

Fundinn sátu Sigurður Ingi Jóhannsson, formaður, Margeir Ingólfsson, Edda Antonsdóttir, Hilmar Jón Bragason, Halldór Páll Halldórsson, Páll M Skúlason, og nýr fltr nemenda Helga Sæmundsdóttir.

Gunnar Þorgeirsson og Margrét Einarsdóttir tilkynntu forföll.

Dagskrá:

1. Ársreikningar skólans 2005 frá Ríkisendurskoðun
2. Stofnanasamningar
3. Umsóknir um auglýstar stöður
4. Aðsókn og nemendatölur
5. Jöfnunarstyrkir
6. Sjálfsmats skólans - Námskjár
7. Styrktarsjóður ML
8. Framkvæmdir
9. Önnur mál

Formaður setti fund og bauð nýjan fltr nemenda velkominn til starfa.

1. Ársreikningar skólans 2005 frá Ríkisendurskoðun

HPH dreifði ársreikningi skólans 2005 til kynningar og fór yfir helstu tölur. (fskj.1) Hagnaður ársins var kr. 63.594, en var tæpl 1.7 millj. 2004. Hann taldi líkur á að yfirstandandi ár verði erfitt fjárhagslega og þá aðallega vegna framkvæmda.

2. Stofnanasamningar

HPH fjallaði um forsögu þess að stofnanasamningur er gerður í skólanum. Samstarfsnefnd er sett á laggirnar og hefur það verkefni að semja um tiltekna þætti sem lúta að kjörum starfsmanna. Á þessu vori átti sér stað yfirfærsla í nýtt launakerfi og var það meðal verkefna nefndarinnar að flytja störf inn í þetta nýja kerfi. Niðurstaða stofnanasamnings við yfirfærslu hér var 5.2% hækkun á launakostnaði, en viðmiðun ríkisins er 4,8%. Telur HPH þetta vera innan skekkjumarka.

PMS tæpti á frekari vinnu sem framundan er til að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í tengslum við samninginn, m.a.forml. markmiðssetningu skólans og samning vegna aðst. skm.

HJB kvað liggja fyrir að stór meirihluti kennara sé andvígur þeim samningum sem þetta byggir á.

Fram kom að samingurinn byggir á að allt sé gegnsætt og uppi á borðinu.

3. Umsóknir um auglýstar stöður

a. Dönskukennari. Lagt til að Óttar Einarsson verði ráðinn til áframhaldandi starfs.

b. Stærðfræði, nokkrir tímar. Engin umsókn. Skm mun kenna einn áfanga.

c. List- og verkgreinar. 2 umsóknir bárust. Að tillögu skm. var ákveðið að ráða Þórunni Maríu Jónsdóttur til kennslu í valgreinunum myndlist, fatagerð og textílhönnun.

Í tengslum við umræðu um valgreinar kvað skm mikilvægt að reyna að stofna kór við skólann aftur, en slíkt starf hefur legið niðri í nokkur ár.

4. Aðsókn og nemendatölur

PMS dreifði og fylgdi úr hlaði samantekt yfir þróun nemendafjölda s.l. ár og yfirliti yfir meðaleinkunnir umsækjenda á þessu vori.(fskj. 2)

Fram koma að óvenju margir nemendur í 1. bekk mála- og félagsfræðibraut og 2. bekk stóðust ekki kröfur um flutning milli bekkja. Töluverðar umræður urðu í framhaldinu og komu fram ýmsar mögulegar skýringar og ræddar ýmsar leiðir sem mögulegar gætu verið til að breyta þessu, þá sérstaklega nefnt aukið aðhald utan skólatíma (lestímar) á 1. ári.

Margt fleira rætt tengt þessu, s.s. staða Suðurlands í samanburði við aðra landshluta.

5. Jöfnunarstyrkir

HPH fylgdi úr hlaði og reifaði uppl. um þessa styrki, m.a. að þeir eru greiddir beint inn á viðskiptareikning nemenda. Hann greindi frá erindi sínu til LÍN um að greiðslur berist til skólans með sama hætti og ferðastyrkir til nem í Fsú. LÍN er sammála þessu. Framundan er að vinna málið í tengslum við INNU.

6. Sjálfsmat skólans – Námskjár

HPH kynnti námskjá, kennslu- og námshugbúnað sem tekinn var í notkun í skólanum, sérstaklega í tilteknum áföngum.

PMS dreifði blaði með upplýsingum um sjálfsmatsáætlun skólans og kynnti starf sjálfsmatsnefndar stuttlega.(fskj. 3)

7. Styrktarsjóður ML

HPH hefur haft samband við tvo skóla til að afla uppl um styrki til nemenda og greindi frá því helsta sem þar kom fram. Taldi í framhaldinu að hér væri hægt að fara eigin leiðir. Dreifði tvenns konar drögum að reglum fyrir styrktarsjóð. (I(fskj. 4)og II(fskj. 5).

Ákveðið var að fresta ákvörðun um stofnun sjóðsins til hausts, en andinn í umræðunni var að stjórn sjóðsins eigi að hafa nokkur frjálsar hendur.

8. Framkvæmdir

HPH fór yfir helstu þætti sem tengjast framkvæmdum við skólann.

Í lok fundar fór fundarfólk í gönguferð um nýja bókasafnið, sem ætlunin er að taka í notkun í haust.

9. Önnur mál

a. Verðskrá

Ákveðið var að hækka verðskrá um 10%. Hér er um að ræða herbergisleigu og þjónustugjöld. (fskj. 6)

b. HPH sagði frá til kynningar, að hann hefði lagt fram tilboð til sveitarfélagsins um bókasafnsþjónustu og fjallaði nokkuð það og um forsögu þess. Þau mál eru í vinnslu.

c. HPH greindi frá samstarfi skólans og nemendafélagsins í því að afhenda sýslumanni táknrænan styrk til kaupa á fíkniefnahundi. Þetta var að frumkvæði forvarnafulltrúa.

d. HPH greindi frá samstarfssamningi skólans, björgunarsveitarinnar Ingunnar og Landsbjargar í tengslum við útivistaráfanga, en samningurinn verður undirritaður í haust.

Fundi slitið kl 12.40

Fundargerð ritaði Páll M Skúlason